

Nd.

551. Frumvarp til laga

[104. mál]

um fangelsi og vinnuhæli.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 130 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra skal ákvarða, hvar byggja skal ríkisfangelsi. Því skal eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðherra m. a. skipt í eftirtaldar deildir: einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilladeild, varðhald, gæzluvarðhald og móttökudeild. Í reglugerð skal kveðið á um skiptingu ríkisfangelsis í sjálfstæðar rekstrareiningar.

Í einangrunarfangelsið skal setja þá refsifanga, sem sekir gerast um stórfelld eða ítrekuð brot gegn reglum annarra fangelsa eða fangelsisdeilda.

8. gr. hljóðar svo:

Í vinnuhælum er vinnuskylda fyrir fanga og skal þar séð fyrir nægu húsrými til vinnuaðstöðu fyrir fanga. Þar skal vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu og til kennslu, bæði bóklegrar og verklegrar.

Fangar skulu fá greidd laun fyrir vinnu sína í hælunum, og setur dómsmálaráðherra reglur um vinnuna og launagreiðslur, og skal taka tillit til arðsemi vinnunnar og launa á almennum vinnumarkaði við ákvörðun launa. Heimilt er dómsmálaráðherra að ákvarða með reglugerð, að ákveðinn hundraðshluti af launum fanga fari í skyldusparnað, og skal sú upphæð, sem þannig sparast, annaðhvort renna til fjölskyldu fangans eða afhendast honum að lokinni afplánun refsingar. Setja skal nánari reglur um framkvæmd þessa í reglugerð.

Föngum í vinnuhælum skal séð fyrir aðstöðu til tómskundaiðkana, eftir því sem við verður komið á hverjum stað.

11. gr. hljóðar svo:

Við hverja stofnun samkvæmt 1. til 3. tl. 2. gr. skal vera sérstakur forstöðumaður, sem ráðherra skipar. Skipa skal öðrum fremur lögfræðing eða félagsráðgjafa, og skulu þeir sérstaklega hafa kynnt sér fangelsismál. Skal hann sjá um daglegan rekstur stofnunarinnar undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Ráðherra er heimilt að skipa þriggja manna stjórnarnefnd við hverja stofnun sér til aðstoðar við yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórnarnefndir skulu skipaðar til þriggja ára í senn.

14. gr. hljóðar svo:

Starfrækja skal sérstaka stofnun til þess að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða leystir úr fangelsi með skilyrðum. Skal stofnunin í starfi sínu hafa samvinnu við félagsmálastofnanir, eftir því sem við á.

16. gr. hljóðar svo:

Meðan ríkisfangelsi er ekki fullbyggt skal vista þá, sem vista ætti í hinum ýmsu deildum þess, í þeim fangelsum, sem til eru á hverjum tíma eftir því, sem aðstæður leyfa.

Þar til unglíngavinnuhæli hefur verið stofnað, skal vista unglínga í öðrum fangelsum. Skal þá eftir aðstæðum tekið tillit til aldurs þeirra og ferils.

Þar til komið hefur verið upp þeim deildum ríkisfangelsis, sem ætlaðar eru fyrir móttökudeild, gæzluvarðhald og varðhald, skal reka hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík og fangelsi í húsnæði við Síðumúla í Reykjavík og skal í þeim fangelsum heimilt að vista hvers konar fanga. Skal umsjón hegningarhússins vera í höndum sakadómaraembættisins í Reykjavík á sama hátt og verið hefur, unz það verður lagt niður.